

Landmótun ehf
Óskar Örn Gunnarsson,
skipulagsfræðingur
Hamraborg 12
200 Kópavogur

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 28. febrúar 2008
Tilvísun: UST20071200106/sf

Tillaga að aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018

Vísað er til erindis Landmótunar sem barst með tölvupósti þann 20. desember 2007 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Samráð

Í kafla 1.4.2 er vísað til samráðs við Umhverfisstofnun varðandi afmörkun náttúruverndarsvæða og hverfisverndarsvæða. Einnig að haft hafi verið samráð við Umhverfisstofnun varðandi efnistökusvæði og samvinna höfð við stofnunina varðandi öflun neysluvatns til framtíðar á svæðinu og afmörkun verndarsvæða vatnsbóla. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki hefur verið haft sérstakt samráð við stofnunina varðandi framangreind atriði og því ekki rétt að vísa til samráðs um slíkt í greinargerð aðalskipulagsins. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að við mörk hverfisverndarsvæða sem byggja á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og sveitarstjórnir móta stefnu um eru yfirleitt ekki skilgreind í samráði við stofnunina.

Umhverfismat markmiða

Umhverfisstofnun telur að umhverfismat fyrir markmið skipulagstillögunnar sé fremur yfirborðskennt og að almennt vanti frekari rökstuðning fyrir niðurstöðu matsins.

Skógrækt

Umhverfisstofnun gerir sérstakar athugasemdir við umfjöllun um áhrif skógræktar í kafla 1.9.1 í greinargerð aðalskipulagsins. Stofnunin telur að rökstyðja verði betur þá niðurstöðu að áhrif á náttúrufarslega þætti í heildina séð verði talsvert jákvæð. Stofnunin gerir athugasemdir við þá fullyrðingu að skógrækt auðgi fuglalíf á svæðinu þar sem verið sé að auka við líffræðilegan fjölbreytileika. Stofnunin bendir á að með skógrækt verða breytingar á landi og á gróðri og að í fæstum tilvikum er gróðursnautt land valið fyrir skógrækt. Samhliða breytingum á gróðri geta orðið breytingar á fuglalífi. Mófuglar nýta sér t.d. ekki skóglendi sem búsvæði. Stofnunin vekur jafnframt athygli á að markmið samningsins um líffræðilega

fjölbreytni er að vernda líffræðilega fjölbreytni og að stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda, en ekki að reynt verði að auka á líffræðilega fjölbreytni eða breyta henni t.d. með innflutningi framandi tegunda. Umhverfisstofnun telur því t.d. að það samræmist mun betur markmiðum samningsins, sbr. 8. gr. (t.d. f lið) um vernd upprunalegs umhverfis, að nota íslenskar tegundir við skógrækt, sem og við endurheimt eða enduruppbyggingu vistkerfa eða landgæða og að notkun erlendra tegunda sé ekki hluti af því að vernda náttúrulega fjölbreytni lífríkis Íslands.

Umhverfisstofnun telur að tilgreina eigi nánar hvað átt er við með að áhrif skógræktar eigi einna helst við vatnabúskap á skógræktarsvæðum, þ.e. í hverju þau áhrif felast.

Í umfjöllun umhverfismatsins segir að skógrækt dragi úr loftmengun, bindi koltívoxið og dragi úr ósoneyðandi efnum. Umhverfisstofnun telur að útskýra verði á hvern hátt skógrækt dregur úr loftmengun og ósoneyðandi efnum. Hvað varðar bindingu koltvíoxíðs er vert að hafa í huga, eins og bent er á hér að framan, að gróðursnautt land er í fæstum tilvikum valið fyrir skógrækt og dæmi eru um að mýrar hafi verið ræstar fram vegna skógræktar. Við eyðingu gróðurlendisins losna gróðurhúsalofttegundir og þarf að taka tillit til þess við mat á umhverfisáhrifum skógræktar.

Í umhverfismatinu segir m.a. að áhrif skógræktar á náttúru- og menningarminjar séu talin vera óveruleg þar sem þess verði gætt að ekki verði plantað trjám nálægt fornminjum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að framangreint er góðra gjalda vert en segir ekkert til um áhrif skógræktar á náttúruminjar.

Í greinargerð með aðalskipulaginu segir m.a.: „Taka skal tillit til landslagsgerða sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga og hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.” Umhverfisstofnun vekur athygli á að hér ætti að tilgreina „jarðmyndanir og vistkerfi” en ekki „landslagsgerðir”. Umhverfisstofnun telur óljóst hvað átt er við með að „taka skuli tillit til” jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Að mati stofnunarinnar ætti að setja fram skýrari og ítarlegri reglur varðandi skógrækt. Þá er nauðsynlegt að fram komi í greinargerð með aðalskipulaginu að skv. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Auk þessa bendir Umhverfisstofnun á að í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*) er það eitt skilgreindra markmiða að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.

Á bls. 24 í greinargerð er vísað til **landgerða** sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd en það hugtak er hins vegar ekki að finna í lögum.

Í greinargerð segir m.a. að skógur verði ekki ræktaður á þekktum fundarstöðum sjaldgæfra lífverutegunda eða í nágrenni þeirra og höfð verði hliðsjón af válistum Náttúrufræðistofnunar Íslands um sjaldgæfar tegundir. Þar segir einnig að besta trygging gegn því að skógur verði ræktaður á fundarstað sjaldgæfrar tegundar sé þó sú að landeigendur vita yfirleitt um slíka staði á sínu landi og sjái til þess að þeir verði ekki eyðilagðir. Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að slíkt markmið sé sett fram í greinargerðinni en vekur athygli á að þrátt fyrir að landeigendur þekki vel sitt land og gæði þess þarf oft sérfræðinga til að greina einstakar

plöntutegundir og það hvort viðkomandi tegundir séu t.d. á valista eða friðlýstar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Fristundabyggð

Í umfjöllun um fristundabyggð kemur fram að gæta skuli umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir fristundabyggð. Umhverfisstofnun telur að koma mætti skýrar fram hvernig þessa verður gætt.

Tengsl við aðrar áætlanir

Liður c í kafla 1.9.4 ber heitið stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020 og er þar væntanlega vísað til rits er umhverfisráðuneytið gaf út og skilgreinir stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Í nánari umfjöllun er hins vegar aðeins tilgreint að aðalskipulagið sé í samræmi við stefnumörkun Staðardagskrár 21 í Reykólahreppi. Umhverfisstofnun telur að gæta verði samræmis í kaflaheiti og umfjölluninni.

Heildarniðurstaða matsvinnunnar

Í kafla 1.9.5, Heildarniðurstaða matsvinnunnar, segir m.a. að helstu líkleg áhrif stefnumótunar og aðgerða í skipulagsáætluninni snúi helst að áhrifum á heilsu- og öryggisþáttum umhverfisisins, þ.e. samgöngum. Umhverfisstofnun telur að áhrif á náttúrufarslega þætti séu vanmetin í þeirri niðurstöðu.

Matsskyldar framkvæmdir

Í greinargerð kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 105/2000. Umhverfisstofnun telur að einnig ætti að tilgreina hvort í aðalskipulagstillögunni sé gert ráð fyrir framkvæmdum sem eru tilkynningarskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 2. viðauka laganna.

Iðnaðarsvæði

Í umfjöllun um hafnarsvæði er tilgreind sú leið að markmiðum tillögunnar að hafin verði athugun á því hvort mögulegt sé að fjölga smávirkjunum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru vatnsorkuver með uppsett rafafi 200 kW tilkynningarskyldar framkvæmdir og kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin vekur jafnframt athygli á að smávirkjanir geta haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þrátt fyrir að umfang þeirra sé ekki mikið en hver áhrifin verða fer m.a. eftir staðsetningu mannvirkja. Umhverfisstofnun telur því að fara eigi varlega í undirbúning og uppbyggingu smávirkjana í sveitarfélaginu.

Efnistökusvæði

Í umfjöllun um efnistökusvæði í kafla 2.3.6 kemur m.a. fram að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd segir: „Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Umhverfisstofnun og viðkomandi náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn framangreindra aðila.”

Því þarf ekki að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um efnistöku sem er í samræmi við

staðfest aðalskipulag. Vegna þessa hefur Umhverfisstofnun farið fram á að upplýsingar og áætlanir um efnistöku verði settar fram í aðalskipulagi í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd, sem fjallar um nám jarðefna. Til að stofnunin geti veitt fullnægjandi umsögn um nýjar námur innan sveitarfélagsins sem settar eru fram í aðalskipulagi telur stofnunin brýnt að henni berist áætlanir um efnistöku og upplýsingar um vinnslutíma og frágang þessara efnistökuastaða, í samræmi við ákvæði 48. og 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í töflu yfir efnistökusvæði á bls. 44 í greinargerð aðalskipulagsins koma ekki fram um upplýsingar um fyrirhugaða efnistöku í viðkomandi námum.

Í greinargerð aðalskipulagsins segir m.a. að landeigendur og sveitarstjórn geri áætlun um efnistöku í samræmi við gildandi lög. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal áður en leyfi er veitt til náms jarðefna liggja fyrir áætlun **námuréttarhafa** um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Það er því ekki sveitarstjórn sem er skylt að gera slíka áætlun heldur námuréttarhafa. Hins vegar er mikilvægt að sveitarstjórn fylgi þessu ákvæði eftir og veiti ekki framkvæmdaraðila leyfi til efnistöku nema fyrir liggi áætlun um efnistöku.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að leyfi Matvælastofnunar (áður Landbúnaðarstofnun) þarf fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en þar segir: „*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Landbúnaðarstofnunar.*“

Þá veita heilbrigðisnefndir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, en það kemur ekki fram í greinargerð aðalskipulagsins.

Umhverfisstofnun vekur sérstaka athygli á ákvæði IV til bráðabirgða í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt ákvæðinu er eftir 1. júlí 2008 efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistöku:

- áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m² eða meira,
- áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2008 er 50.000 m³ eða meiri,
- áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökuastaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m² eða meira,
- efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, skulu gilda um efnistöku.

Þá skal samkvæmt framangreindu bráðabirgðaákvæði eftir 1. júlí 2012 afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla um náttúruvernd.

Sorpförgun

Í umfjöllun um sorpförgun í greinargerð skipulagsins kemur fram að úrgangur úr sveitarfélaginu er fluttur í Fíflholt á Mýrum til urðunar, en jafnframt að Reykhólahreppur er ekki aðili að Sorpsamlagi Vesturlands sem rekur urðunarstaðinn.

Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um aðalskipulagsáætlanir vakið athygli á að samkvæmt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skulu sveitarstjórnir semja og staðfesta svæðisáætlun sem byggist á markmiðum landsáætlunar og skal þar tiltekið með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná þeim markmiðum. Svæðisbundinni áætlanagerð átti að vera lokið fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstofnun telur því rétt að fram komi í greinargerð með aðalskipulagi sveitarfélaga hvernig þeirri vinnu fram vindur hjá sveitarfélaginu.

Frístundahús

Umhverfisstofnun telur að skýra eigi frekar hvað átt er við með að gæta skuli umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundahús, sbr. athugasemd hér að framan.

Umhverfisstofnun telur að við afmörkun svæða fyrir frístundahús á aðalskipulagi eigi að gæta þess að frístundabyggðin sé að öllu leyti utan svæða sem vaxin eru birkikjarri. Skipuleggja eigi slík svæði utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga og kjarri vaxinna svæða, en ekki innan þeirra. Benda má á að samkvæmt 39. gr. laga um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“

Samkvæmt stefnumörkuninni skal það vera almenn regla þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði. Í fyrstu endurskoðun á framangreindri stefnumörkun og áherslum stjórnvalda á árunum 2006-2009 segir m.a.: *„Unnin verður áætlun um endurheimt náttúrulegra vistkerfa, þar á meðal birkiskóga á grundvelli stefnumörkunar um líffræðilega fjölbreytni. Áætlunin verður felld inn í næstu Náttúruverndaráætlun sem taka á gildi árið 2009.“* Stjórnvöld hafa því ótvírætt staðfest mikilvægi þess að unnið sé að verndun náttúrulegra birkiskóga.

Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að afmarka svæði fyrir frístundabyggð alveg niður að ströndinni, sbr. t.d. svæði F1 og F8 á aðalskipulagsupprætti.

Flatey

Í lýsingu í greinargerð skipulagsins á frístundasvæði í þorpinu (F1) kemur fram að gert er ráð fyrir 4 húsum sem eiga að fylla upp í skörð í götumyndinni. Jafnframt kemur fram að stærð svæðisins er 3,4 ha. Umhverfisstofnun vekur athygli á að umfang svæðisins á upprætti virðist vera heldur meiri en þarf fyrir fjögur hús sem eiga að fylla upp í skörð í götumyndinni. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að skilgreina frístundahúsasvæði í Skansmýri. Í umfjöllun um hverfisverndarsvæði í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að innan svæðisins og í jaðri þess séu mýrarnar Skansmýri, Innstabæjarmýri og Brekkubæjarmýri sem hafi takmarkað byggðaþróunina og séu ekki framræstar. Stofnunin telur að hlífa eigi þessum svæðum við raski, enda hafa stjórnvöld markað stefnu um verndun votlendis, sbr. 37. gr. laga

nr. 44/1999 um náttúruvernd og stefnumörkun um sjálfbæra þróun (Velferð til framtíðar).

Skógrækt

Samkvæmt stefnumörkun aðalskipulagsins er stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðurfarframléiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Einnig að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein. Skógræktar- og landgræðslusvæði eru þó ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsupprætti. Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um aðalskipulagstillögur bent á mikilvægi þess að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupprætti telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði séu sýnd á sérstöku þemakorti með aðalskipulaginu. Þannig fæst yfirsýn yfir stöðu skógræktar í sveitarfélaginu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í greinargerð aðalskipulagsins kemur ekki fram að nýræktun skóga á verndarsvæðum sem og ruðningur á náttúrulegum birkiskógi eru tilkynningarskyldar framkvæmdir skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð segir m.a. að „leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.“ Umhverfisstofnun telur framangreint orðalag fremur óljóst og telur að tilgreina eigi hvaða svæði átt er við eða vísa til 37. og 38. gr. laga um náttúruvernd.

Stofnunin ítrekar að öðru leyti athugasemdir við skógrækt hér að framan.

Verndarsvæði

Í kafla 2.4.1 segir að ákveðnar landslagsgerðir njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd en eins og bent er á hér að framan hefur lögunum verið breytt á þann veg að ákveðnar *jarðmyndanir og vistkerfi* njóta sérstakrar verndar. Breyta þarf texta í greinargerð með tilliti til þessa.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að heiti svæðis nr. 304 á náttúruminjaskrá er *Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes*.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að afmörkun friðlýsta svæðisins í Flatey á sérupprætti fyrir Flatey er ekki rétt. Lagfæra þarf afmörkun svæðisins þannig að hún sé í samræmi við auglýsingu nr. 395/1975 um friðland í Flatey.

Umhverfisstofnun telur að í lista yfir yfir þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. bls. 54 í greinargerð, ætti að koma fram lýsing á svæðunum og ástæðum þess að svæðin eru á náttúruminjaskrá, sbr. upplýsingar í náttúruminjaskrá.

Nauðsynlegt er að fram komi í greinargerð að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að stefnumótun aðalskipulagsins miði að því að vernda

náttúrulega birkiskóga innan sveitarfélagsins í samræmi við stefnumótun íslenskra stjórnvalda, sbr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og Velferðar til framtíðar.

Breiðafjörður

Í greinargerð með aðalskipulaginu (kafla 2.4.1) er fjallað um Breiðafjörð sem er verndaður með sérstökum lögum. Þar kemur m.a. fram að verndaráætlun fyrir Breiðafjörð hafi verið unnin á vegum Breiðafjarðarnefndar í samræmi við 4. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og hlotið staðfestingu umhverfissráðherra 10. október 2001. Þar segir einnig að áætlunin nái til fimm ára og sé framkvæmd hennar í höndum Breiðafjarðarnefndar. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki verður séð af fyrrgreindum lögum að framkvæmd verndaráætlunarinnar sé í höndum nefndarinnar.

Umhverfisstofnun telur rétt að í umfjöllun um tilganginn með verndun Breiðafjarðar sé vísað beint til markmiðsgreinar laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar þar sem fram kemur að tilgangur laganna er „að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.“

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 54/1995 ber í skipulagsáætlunum að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð með aðalskipulaginu eigi að koma skýrt fram hvernig skipulagsáætlunin samræmist þeirri verndaráætlun.

Á bls. 53 kemur fram að samkvæmt skipulaginu séu eyjarnar skilgreindar sem landbúnaðarsvæði og heimilt samkvæmt skipulagslögum og lögum um vernd Breiðafjarðar að stofna til framkvæmda sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum þar eða tengjast búrekstri, enda sé farið að fyrirmælum verndaráætlunar Breiðafjarðar og lögum um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar segir: „*Framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfislegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki að mati Umhverfisstofnunar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða*“. Stofnunin telur að þetta þurfi að koma fram í greinargerðinni.

Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að helstu móttökusvæði ferðamanna verði, auk Flateyjar, við stendur Breiðafjarðar fremur en í eyjunum sjálfum. Greiðar siglingar verði um fjörðinn með lendingaraðstöðu fyrir smábáta. Þá eru sett fram almenn atriði sem höfðu skulu að leiðarljósi við leyfisveitingar til framkvæmda í Breiðafjarðareyjum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að aðalskipulag Reykhólahrepps taki mið af því að Breiðafjörður er eitt síðasta vígi hafarnar og að stuðla ber að verndun stofnsins. Haförn er á valista sem tegund í hættu, þar sem stofninn er lítill. Varpútbreiðslan er bundin við norðanverðan Faxaflóa, Breiðafjörð og Vestfirði. Samkvæmt Bernarsamningnum bera að friða erni og leggja áherslu á að vernda búsvæði þeirra með friðun svæða eða öðrum slíkum aðgerðum. Haförn er eini íslenski varpfuglinn sem er á alþjóðlegum valista (IUCN 2004) og jafnframt á valista yfir íslenska fugla (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Þá var sérstök áhersla lögð á verndun búsvæða hafarna í skýrslu Umhverfisstofnunar *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði*. Í lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eru ákvæði um takmörkun á umferð við og í grennd við arnarhreiddur, sem og um vernd svæða umhverfis hreiðurstæði arna. Umhverfisstofnun telur því að í aðalskipulaginu verði að setja fram skýrar reglur um framkvæmdir og uppbyggingu innan sveitarfélagsins og tryggja að ekki verði farið í neinar þær framkvæmdir sem t.d. raska þekktum varpstöðum eða hafa á annan hátt áhrif á afkomumöguleika arnarstofnsins.

Stofnunin telur að fjalla eigi um áhrif skipulagsins með tilliti til þessa í umhverfismati skipulagsins.

Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

Á bls. 61 í greinargerð með aðalskipulaginu segir m.a. „að verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengun vatns nr. 796/1999” og er vísað til gr. 4.21. í skipulagsreglugerð.

Þar sem nýjar reglugerðir er varða mengunarvarnir hafa tekið gildi frá gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 er umfjöllun í gr. 4.21 í skipulagsreglugerð ekki í samræmi við núgildandi reglugerðir. Í núgildandi reglugerðum eru til dæmis ekki skilgreind „verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum”. Umhverfisstofnun hefur því bent á það í umsögnum um aðalskipulagsáætlanir að með hliðsjón af núgildandi reglugerðum um mengunarvarnir gæti í greinargerð með aðalskipulagi komið umfjöllun um „skilgreiningu vatnsgæða og flokkun vatns” í stað umfjöllunar um „verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum”.

Á bls. 61 í greinargerð er vísar til reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns en rétt heiti er reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Á sömu bls. kemur fram að flokkun á vatnasvæðum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns hafi ekki farið fram með tilliti til strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns átti flokkun vatns í samræmi við 8. gr., sbr. 9. og 10. gr. reglugerðarinnar, að vera lokið innan 4 ára frá gildistöku reglugerðarinnar, þ.e. fyrir 1. nóvember 2003. Flokkun vatns skv. ákvæðum reglugerðarinnar ætti því nú þegar að vera lokið í öllum sveitarfélögum. Hafi slík flokkun þó ekki farið fram telur Umhverfisstofnun *nauðsynlegt* að í aðalskipulagi séu sett fram *tímasett markmið* varðandi það hvernig ákvæði reglugerðarinnar um flokkun vatns verði uppfyllt.

Hverfisverndarsvæði

Samkvæmt skipulagstillögunni eru 3 svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði innan Reykhólahrepps og er þau tíunduð í töflu á bls. 62 í greinargerð með aðalskipulagstillögunni. Í umfjöllun um ákvæði hverfisverndar kemur m.a. fram að stefnt sé að því að settar verði nánari verndar- og umgengnisreglur um fyrirhuguð fólkvangssvæði fyrir botni Berufjarðar. Umhverfisstofnun telur ekki ljóst hvað átt er við með „fyrirhuguðum fólkvangssvæðum”. Stofnunin vekur athygli á að fólkvangur er einn þeirra flokka sem friðlýstar náttúruminjar skiptast í samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt 55. gr. laganna getur umhverfisráðherra, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og áliti Umhverfisstofnunar, lýst tiltekið landsvæði, sem ætlað er til útvistar og almenningsnota, fólkvang. Umhverfisstofnun telur því að ekki eigi að vísa til þess að svæði séu fólkvangvar eða fyrirhuguð fólkvangssvæði nema þau séu friðlýst sem slík samkvæmt lögum um náttúruvernd eða unnið sé að friðlýsingu þeirra.

Gönguleiðir

Samkvæmt aðalskipulagsuppdrætti fyrir Flatey á Breiðafirði er gert ráð fyrir gönguleið um austurhluta eyjarinnar en sá hluti hennar er friðlýstur samkvæmt lögum um náttúruvernd. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum er öll umferð um friðlýsta svæðið óheimil á tímabilinu 15. apríl til 15. ágúst nema með leyfi ábúenda í umboði Umhverfisstofnunar. Vegna þessa telur Umhverfisstofnun að gönguleiðir sem liggja að austurhluta eyjarinnar verði að tengjast saman þannig að samfelld gönguleið liggi um vesturhluta eyjarinnar og ekki sé verið að beina fólki

inn á austurhluta eyjarinnar þann tíma sem hún er lokuð. Í því sambandi má benda á að þórshani verpur á eynni, en það er fuglategund sem er á valista sem tegund í hættu og er jafnframt tegund sem er mjög viðkvæm fyrir umferð.

Reiðleiðir

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við reiðleið um vestanverðan Djúpa fjörð. Í mati á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar nr. 60, Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi, kom fram að þrír varpstaðir arna eru við Grónesborg og einn í Gróneseyjum. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er óheimilt frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum. Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Í úrskurði umhverfisráðherra frá 5. janúar 2007 er staðfest sú niðurstaða í úrskurði Skipulagsstofnunar að leggjast gegn leið C í 2. áfanga framkvæmdarinnar. Það var mat ráðuneytisins að leið C um vestanverðan Djúpa fjörð gæti haft umtalsverð áhrif á arnarsetur í Grónesi sem væru sérstaklega vernduð í 19. gr. laga nr. 64/1994. Umhverfisstofnun telur því ekki ásættanlegt að gert verði ráð fyrir reiðleið um svæðið samkvæmt aðalskipulagi Reykhólahrepps.

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir reiðleið meðfram nýjum vegi í gegnum Teigsskóg. Umhverfisstofnun vekur athygli á að eitt af þeim skilyrðum sem umhverfisráðherra setti fyrir leið B í 2. áfanga í úrskurði sínum um Vestfjarðaveg nr. 60 var að í Teigsskógi frá Gröf að Hallsteinsnesi skal vegstæði skilgreint þröngt og efnisnám, skeringar og slóðagerð skulu takmörkuð við vegstæðið sjálft. Umhverfisstofnun telur því vafasamt að gera ráð fyrir reiðleið meðfram veginum á því svæði. Jafnframt vekur stofnunin athygli á að skoða verður hvort æskilegt er að hafa reiðleiðir meðfram helstu þjóðvegum. Mikilvægt er að hafa samráð við hestamennafélög og aðra hagsmunaaðila er málið varðar við ákvörðun um staðsetningu reiðleiða.

Hávaði

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI í reglugerðinni og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar, sbr. 9. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári lokið eigi síðar en 30. júní 2012.



Samkvæmt gr. 3.2. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal við skipulagsgerð höfð hliðsjón af loftgæðarannsóknnum og hávaðamælingum framkvæmdum samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og álitu viðkomandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins [nú Umhverfisstofnun]. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga og útreikninga við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags.

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að fjallað verði um umferðartölur um helstu þjóðvegi í sveitarfélaginu og birtar verði spár um umferð á gildistíma skipulagsins og út frá þeim lagt mat á hljóðstig í nágrenni þeirra.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að aðalskipulagstillagan verði endurskoðuð m.t.t. framangreindra athugasemda. Stofnunin óskar eftir að fá skipulagstillöguna aftur til umsagnar þegar hún verður auglýst.

Virðingarfyllst


Sigrós Friðriksdóttir

Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.